

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
04 501

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

kt. 580607-0710

Árleyni 2-8, 112 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hvetur til nýsköpunar og eflir framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi með virkri þátttöku í rannsóknarverkefnum og stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki. Við lítum á nýsköpun sem forsendu fyrir fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og undirstöðu sterkrar samkeppnisstöðu þess. Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og starfar eftir lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun (nr. 75/2007).

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 7 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.332,0 milljónir og afkoma kr. 23,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -26,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 535,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Sigríður Ingvarsdóttir,
forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	697.700.000	666.700.000
Seld vara og þjónusta	3	224.248.120	253.557.649
Framlög og ýmsar tekjur	4	397.777.647	381.722.799
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	12.256.374	10.844.779
Tekjur samtals		1.331.982.141	1.312.825.227
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	885.339.757	945.317.830
Framlög og tilfærslur	6	40.281.228	45.537.358
Annar rekstrarkostnaður	7	369.386.312	370.784.082
Afskriftir	8	12.256.374	10.844.779
Gjöld samtals		1.307.263.671	1.372.484.049
Afkoma fyrir fjármagnsliði		24.718.470	(59.658.822)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		454.162	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(395.453)	(343.380)
		58.709	(343.380)
Afkoma (tap) fyrir hlutdeildartekjur		24.777.179	(60.002.202)
Áhrif af rekstri hlutdeildar- og dótturfélaga		(1.528.142)	0
Afkoma ársins		23.249.037	(60.002.202)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	2.730.265	(79.464.844)
Rekstrartilfærslur		20.518.772	19.462.642
		23.249.037	(60.002.202)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		85.024.878	65.731.490
		<u>85.024.878</u>	<u>65.731.490</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	18.264.978	19.231.121
		<u>18.264.978</u>	<u>19.231.121</u>
		<u>18.264.978</u>	<u>19.231.121</u>
Fastafjármunir samtals		<u>103.289.856</u>	<u>84.962.611</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	11	88.266.041	236.724.280
Tengdir aðilar	12	69.567.430	71.075.378
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		74.725.247	0
Handbært fé	13	199.514.565	173.749.510
		<u>199.514.565</u>	<u>173.749.510</u>
Veltufjármunir samtals		<u>432.073.283</u>	<u>481.549.168</u>
Eignir samtals		<u>535.363.139</u>	<u>566.511.779</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	14		
Hrein eign		(25.998.322)	(49.247.359)
		<u>(25.998.322)</u>	<u>(49.247.359)</u>
Eigið fé samtals		<u>(25.998.322)</u>	<u>(49.247.359)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	12	333.127.678	368.556.011
Viðskiptaskuldir		15.391.487	32.269.541
Ýmsar skammtímaskuldir	15	124.645.180	149.202.096
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	16	88.197.116	65.731.490
		<u>88.197.116</u>	<u>65.731.490</u>
Skuldir samtals		<u>561.361.461</u>	<u>615.759.138</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>535.363.139</u>	<u>566.511.779</u>
Aðrar upplýsingar	17		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		23.249.037	(60.002.202)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	12.256.374	10.844.779
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(12.256.374)	(10.844.779)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага		1.528.142	0
		<u>24.777.179</u>	<u>(60.002.202)</u>
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		73.732.992	(8.804.900)
Tengdir aðilar		(33.920.385)	19.371.003
Skammtímaskuldir		(41.434.970)	66.040.430
		<u>(1.622.363)</u>	<u>76.606.533</u>
		<u>23.154.816</u>	<u>16.604.331</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð eignarhluta		(856.761)	0
Söluverð eignarhluta		294.762	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(31.549.762)	(20.800.000)
		<u>(32.111.761)</u>	<u>(20.800.000)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Ný langtímalán			0
Fjárfestingarframlag		16.500.000	20.800.000
Gjafaframlög til fjárfestinga		18.222.000	0
		<u>34.722.000</u>	<u>20.800.000</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		25.765.055	16.604.331
		<u>173.749.510</u>	<u>157.145.179</u>
		<u>199.514.565</u>	<u>173.749.510</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu (að öðru leyti en við mat á eignarhlutum sem eru í heild yfir 20% í eigu ríkissjóðs en þeir eignarhlutir eru metnir með hlutdeildaraðferð).

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	697.700.000	684.500.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(17.800.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	697.700.000	666.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	12.256.374	10.844.779
	<u>709.956.374</u>	<u>677.544.779</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	636.900.000	60.800.000	0	697.700.000
Fjárveiting til tekna	636.900.000	60.800.000	0	697.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(632.641.593)	(40.281.228)	0	(672.922.821)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	4.258.407	20.518.772	0	24.777.179

	2019	2018
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	159.280.102	183.602.026
Verksala	41.760.082	50.678.468
Vörusala	6.674.610	5.788.319
Ýmsar þjónustutekjur	1.309.191	2.112.335
Fræðslustarfsemi og fundir	15.224.135	11.376.501
	<u>224.248.120</u>	<u>253.557.649</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	32.399.954	31.560.973
Kostnaðarhlutdeild	392.165	0
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	98.452.445	114.017.941
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	219.494.617	167.954.000
Ýmsar tekjur	47.038.466	68.189.885
	<u>397.777.647</u>	<u>381.722.799</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	736.568.466	724.392.085
Orlof, breyting	(19.943.654)	55.335.403
Launatengd gjöld	167.184.032	165.590.342
Starfsmannakostnaður	1.530.913	0
	<u>885.339.757</u>	<u>945.317.830</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	75,4	79,3
------------------------------	------	------

Skýringar

	2019	2018
6 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	7.055.256	8.056.179
Rekstrartilfærslur aðrir	33.225.972	37.481.179
	<u>40.281.228</u>	<u>45.537.358</u>
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	5.870.800	4.183.064
Byggingarvörur, almennar	2.481.240	4.046.165
Tæki og búnaður til innréttinga	975.413	586.413
Ýmis tæki og áhöld	12.603.922	12.261.926
Varahlutir og viðhaldsvörur	10.779.415	13.137.244
Orkugjafar	14.899.477	14.990.221
Matvæli	11.448.761	12.596.962
Almennar rekstrarvörur	6.951.021	6.493.179
Vörukaup, almenn	<u>66.010.049</u>	<u>68.295.174</u>
Rannsóknarstofufeni	14.958.479	14.930.691
Ýmsar sérgreindar vörur	419.584	477.196
Vörukaup, sérgreind	<u>15.378.063</u>	<u>15.407.887</u>
Fundir, námskeið, risna	17.015.558	18.295.706
Ferðir, uppihald	32.757.781	35.437.335
Akstur	11.294.064	12.480.693
Sérfræðiþjónusta	42.242.889	45.340.767
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	539.109	152.817
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	5.836.822	3.898.055
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	6.658.669	6.587.990
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>116.344.892</u>	<u>122.193.363</u>
Afnotagjöld	22.998.113	31.071.833
Leigugjöld	16.808.944	27.187.430
Notkun véla og flutningatækja	4.482.398	4.779.497
Verkkaup	89.613.124	79.981.338
Kostnaðarhlutdeild	1.449.018	1.284.618
Tryggingar, lögboðnar	1.275.031	1.204.644
Opinber gjöld	21.477.204	19.378.298
Tapaðar kröfur	13.549.476	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>171.653.308</u>	<u>164.887.658</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>369.386.312</u>	<u>370.784.082</u>
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	12.256.374	10.844.779
	<u>12.256.374</u>	<u>10.844.779</u>

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	85.024.878	65.731.490
	<u>85.024.878</u>	<u>65.731.490</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2019	104.992.862
Viðbætur á árinu	31.549.762
	<u>136.542.624</u>
Afskriftir 1.1.2019	39.261.372
Afskrift ársins	12.256.374
	<u>51.517.746</u>
Staða 31.12.2019	<u>85.024.878</u>

10 Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð 31/12 2019	Bókfært verð 31/12 2018
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs yfir 20% (hlutdeildaraðferð):</u>				
Hkjarni ehf. *)	23,33%	700.000	133.194	700.000
Framtíðarsetur Ísland ehf. *)	33,30%	166.650	390.609	166.650
XRG - Power ehf. *)		0	0	155.000
Málmís ehf. *)	49,20%	1.368.750	0	768.750
Mýsköpun*)	20,88%	2.500.000	152.215	0
Optitog ehf. *)	75,64%	126.086	352.940	166.700
			<u>1.028.958</u>	<u>1.957.100</u>

*) Matsverð er miðað við ársreikninga 2018 þar sem ársreikningar 2019 hafa ekki verið birtir.

Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð):

Calfalarm ehf.	5,00%	25.000	25.000	25.000
Fjárfestingafélagið Landsv. ehf.	18,00%	100.000	110.000	110.000
Gerosion ehf.	12,25%	75.002	75.002	133.941
Íslenska lífmassafélagið hf.	11,60%	1.500.000	1.500.000	1.500.000
Nýslóð ehf.		0	0	109.500
Línudans ehf.	2,10%	15.000	0	0
Íslensk NýOrka	1,42%	1.546.325	999.555	0
ORF Líftækni hf.	0,78%	1.786.160	1.786.160	1.786.160
Rannsókn- og háskólanet Ísl hf.	0,74%	400.000	400.000	400.000
SER eignarhaldsfélag ehf.	11,64%	12.280.303	12.280.303	12.199.420
Vesturorka-WesTide ehf.	12,00%	60.000	60.000	60.000
Vottun hf.		0	0	950.000
Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses.	3,90%	300.000	0	0
Austurbrú ses.	2,94%	50.000	0	0
			<u>17.236.020</u>	<u>17.274.021</u>
			<u>18.264.978</u>	<u>19.231.121</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði nema fyrir liggja að eigið fé sé uppurið en þá er bókfært verð fært í kr. 0.

Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
11 Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur	107.663.652	243.337.152
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(19.397.611)	(6.612.872)
	<u>88.266.041</u>	<u>236.724.280</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum	79.919.018	231.371.728
Viðskiptakröfur í erlendri mynt	8.347.023	5.352.552
	<u>88.266.041</u>	<u>236.724.280</u>

12 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	69.567.430	0
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	71.075.378
	<u>69.567.430</u>	<u>71.075.378</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	327.400.977	365.825.810
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	5.726.701	2.730.201
	<u>333.127.678</u>	<u>368.556.011</u>

13 Handbært fé

Tékkareikningar	131.109.674	121.935.565
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	68.404.891	51.813.945
	<u>199.514.565</u>	<u>173.749.510</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 656,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(49.247.359)	10.754.843
Afkoma ársins	23.249.037	(60.002.202)
Jöfnuður 31.12.	<u>(25.998.322)</u>	<u>(49.247.359)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2019	31.12.2018
15 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	115.289.988	135.233.642
Ógreidd laun	4.338.429	0
Önnur ógreidd gjöld	0	0
Skattar	5.016.763	13.968.454
	<u>124.645.180</u>	<u>149.202.096</u>

Skýringar

16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	85.024.878	65.731.490
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	3.172.238	0
	<u>88.197.116</u>	<u>65.731.490</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	65.731.490	0	65.731.490
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	16.500.000	16.500.000
Gjafir til fjárfestinga	0	18.222.000	18.222.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	31.549.762	(31.549.762)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(12.256.374)	0	(12.256.374)
	<u>85.024.878</u>	<u>3.172.238</u>	<u>88.197.116</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 14,1 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

17 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, en árlegar greiðslur vegna þess nema kr. 10,1 milljónir. Einnig hefur stofnunin gert ótímabundna þjónustusamninga um rekstrarliði og nema árlegar greiðslur kr. 20,6 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Ráðherra nýsköpunarmála hefur á stefnu sinni að leggja niður Nýsköpunarmiðstöð Íslands þann 31.12.2020.